

FYLGISEÐILL
Perlutex Vet. 5 mg töflur handa hundum og köttum

**1. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS
FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR**

Markaðsleyfishafi:

Dechra Veterinary Products A/S
Mekuvej 9
7171 Uldum
Danmörk

Framleiðandi sem ber ábyrgð á lokasamþykkt:

Haupt Pharma Münster GmbH
Schleebrüggenkamp 15
48159 Münster
Þýskalandi

2. HEITI DÝRALYFS

Perlutex Vet. 5 mg töflur handa hundum og köttum.
Medroxyprogesteronacetat.

3. VIRKT INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

1 tafla inniheldur:

Virkt innihaldsefni: Medroxyprogesteronacetat

Önnur innihaldsefni: mjólkursýkureinhýdrat, maíssterkja, talkúm, gelatína, magnesíumsterat.

4. ÁBENDINGAR

Tíkur: Tímabundin seinkun gangmáls.
Stöðvun lóðarís.

Læður: Langvarandi seinkun gangmáls.

5. FRÁBENDINGAR

Ekki má nota Perlutex Vet. handa dýrum sem ekki hafa náð kynþroska, á meðgöngu, handa mjólkandi dýrum og dýrum með æxli, sykursýki, æsavöxt, sjúkdóma í fæðingarvegi, legi, lifur, brisi, mjólkurkirtlum og æxlunarfærum.

Ekki má hefja langvarandi seinkun gangmáls á meðan læða er breima því það getur aukið hættu á aukaverkunum sem tengjast legi. Þetta á einkum við um eldri dýr.

6. AUKAVERKANIR

Eftirtalдар aukaverkanir geta komið fram, einkum skömmu eftir að meðferð hefst:

Aukin matarlyst og dýrin geta fitnað. Nauðsynlegt getur verið að takmarka fóðurgjöf.

Hegðunarbreytingar.

Stækkun mjólkurkirtla.

Einkennin eru yfirleitt tímabundin.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir:

Aukin blöðrumyndun í legslímu.

Æxli í mjólkurkirtlum.

Nýrnahettubæling.
Sykursýki.
Æsavöxtur.

Hætta á aukaverkunum á sér í lagi við ef lyfið er notað langtímum saman.

Gerði dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

7. DÝRATEGUNDIR

Hundar og kettir.

8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐIR OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Tíkur:

Stöðvun lóðarís og tímabundin seinkun gangmáls: 2 töflur daglega í 4 daga, síðan 1 tafla á dag í 14 daga. Tíkum sem eru þyngri en 25 kg á að gefa tvöfaldan skammt.

Læður:

Langvarandi seinkun breims: 1 tafla á viku í þann tíma sem seinkunin á að vara. Ekki má hefja meðferð þegar læðan er breima.

9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

Mælt er með því að fylgst sé með gömlum dýrum með tilliti til sykursýki.

10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við.

11. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Geymið við lægri hita en 25°C.
Notið ekki eftir fyrningardagsetningu á öskjunni.

12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ

Þegar lóðarí tókur hefur verið stöðvað með Perlutex Vet. kemur næsta gangmál fyrr en búast mætti við.

Eftir meðferð með Perlutex Vet. hjá læðum er breytilegt hve langur tími líður að næsta gangmáli.

Ekki er unnt að mæla með langvarandi stöðvun lóðarís/breims (stöðvun um meira en ein gangmál) hjá dýrum sem notuð eru til undaneldis.

Um sumar læður gildir að erfitt getur verið að átta sig á því hvenær stutt er í að þær verði breima og hvenær þær eru hættaðar að vera breima eða eru kettlingafullar. Nauðsynlegt getur verið að halda læðunni í einangrun til að staðfesta hvenær hún er breima.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Fáið upplýsingar hjá dýralækni um hvernig farga skuli lyfjum sem ekki er þörf á lengur. Þessar aðgerðir eru til þess að vernda umhverfið.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

21. júní 2021.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ef óskað er upplýsinga um þetta dýrallyf, vinsamlegast hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað.